

## Fundargerð

### 174. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs haldinn á skrifstofu sjóðsins

Þriðjudaginn 22. nóvember 2012 kl. 12<sup>15</sup>–14<sup>00</sup>.

Viðstödd:	Guðmundur G. Þórarinnsson (GGP), formaður Bryndís Skúladóttir (BS) Guðfinnur G. Johnsen (GGJ) Lárus M.K. Ólafsson (LÓ) Halldór Haraldsson (HH) Bryndís Gunnlaugsdóttir (BG)	Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj. Guðlaugur G. Sverrisson (GGS), fundarritari. Gestir: Kjartan Ingvarsson (KI) lögfr. UAR Jón H. Steingrímsson (JS) frkstj. Efnamóttökunnar Páll Höskuldsson (PH) verkfr. Efla Íris Gunnarsdóttir (ÍG) Úrvinnslusjóður
-----------	--	--

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar
- (2) Breytingar á lagaákvæðum um raftæki
- (3) Könnun á magni spilliefna
- (4) Rekstraryfirlit og áætlun 2010 - 2015
- (5) Önnur mál

### 1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (173. fundar).

### 2. Breytingar á lagaákvæðum um raftæki

Fyrir liggur að umhverfis- og auðlindaráðuneytið (UAR) ætlar að breyta lagaákvæðum um raftæki í haust. Kjartan Ingvarsson, lögfræðingur hjá UAR, mætti á fundinn og fór yfir stöðu málefna raftækjaúrgangs hjá UAR, frá síðasta stjórnarfundir ÚS. Breyta á lögum nr. 162/2002 og þar verði ákvæði um greiðslur úrvinnslugjalds af raftækjum. Einnig kynnti KI væntanlegar breytingar á lögum um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003. Reyna á að flytja málefni raftækjaúrgangs undir Úrvinnslusjóðs sem nýjan vörflokk og með því mun ekki vera hægt að stofna til nýs innsöfnunarkerfis sem starfa mun við hlið Úrvinnslusjóðs. KI fór yfir breytingar á einstökum greinum í framhaldinu og lagði fram minnisblað með drögum á væntanlegum lagabreytingum. Vörflokkur raftækja færi undir nýjan viðauka XIX. Undir hann munu 10 flokkar raftækja heyra undir. Stjórn ræddi mismunandi kostnað við meðhöndlun raftækja. GGP spurði um skaðabótaskyldu vegna starfandi skilakerfa? KI taldi að það ætti ekki skapast skaðabótaskylda á hendur ríkissjóðs vegna þessara breytinga. Rætt var um uppgjör og kostnað sem er í núverandi kerfi.

GGP ræddi um kostnað Stýrnefndar sem er kominn í innheimtu hjá skilakerfunum en hefur verið beðið með að ganga eftir greiðslum vegna vinnu UAR við nýtt frumvarp. KI yfirgaf fund kl. 13:00

### 3. Könnun á magni spilliefna

Eins og áður hefur komið fram á stjórnarfundum ÚS, þá fékk Sorpa, og síðar í samstarfi við ÚS, verkfræðistofuna Eflu til að gera úttekt á magni spilliefna sem berst á endurvinnslustöðvar. Páll Höskuldsson (PH) efnaverkfræðingur hjá Eflu sem hafði umsjón með úttektinni kom á fundinn og gerir grein fyrir framkvæmd úttektarinnar og meginniðurstöðum hennar. Jón H.

Steingrímsson (JS) framkvæmdastjóri Efnamóttökunnar kom á fundinn og fór yfir og dreifði greinargerð sem hann hafði tekið saman um málið. JHS og PH yfirgáfu fund kl. 14:30.

#### **4. Rekstraryfirlit og áætlun 2010 – 2015**

Frestað

#### **5. Önnur mál**

Engin

Næsti fundur ákveðinn 4. desember 2012.

Fundi slitið kl 13:45